



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Alþingi
Erindi nr. P 139/2168
komudagur 2.5.2011

Heilbrigðisnefnd Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 2. maí 2011
2011040071/0.1.2/GG/lsj/gh

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tóbaksvarnir (skrotóbak), 579. mál Alþingis.

Landlæknir þakkar tækifæri til að veita umsögn um ofangreint mál. Frumvarpið miðar að því að banna innflutning á skrotóbaki, vöruflokki tóbaks sem ekki hefur verið seld hér á landi þrátt fyrir að lagaheimild hafi verið til staðar. Munntóbak og skrotóbak (tekið í munn) eru miðlar til neyslu á nikótíni og þróa notendur þess með sér fíkn í nikótín eins og þau sem reykja tóbak. Löggjöf er mikilvægur hlekkur í forvörnum vegna tóbaksneyslu. Árangur á því sviði hér á landi hefur verið eftirtektarverður um árabil, ekki síst meðal ungmenna. Mikilvægt er að varðveita þann góða árangur og er framkomið frumvarp einn liður í því að hindra framboð á nýjum vörum sem gætu aukið neyslu tóbaks.

Til að átta sig á hvað geti verið í húfi þegar horft er til neyslu á munntóbaki er gagnlegt að bera saman stefnu Svía og Finna í tóbaksvörnum undanfarna áratugi. Þar er einn reginmunur á, þ.e. í stefnu þeirra gagnvart sölu á munntóbakinu "snus". Það var bannað hjá Finnum árið 1995 en Svíar heimila sölu þess enn í dag og sjá nú verulega aukna neyslu þess meðal ungra karlmanna, einstaklingum sem aldrei höfðu reykt tóbak. Þeirri neyslu fylgir svo aukin tíðni reykinga hjá þeim sem nota "snus", þó að hún sé e.t.v. ekki dagleg.

Því miður benda innlendar kannanir til að fleiri ungmenni hér á landi, einkum karlmenn, noti munntóbak nú en áður var. Rannsóknir á skaðsemi munntóbaksnotkunar eingöngu (þ.e. án þess að neytendur hafi einnig reykt sígarettur) eru aðferðafræðilegar erfiðar sökum þess hve algengt er að þau sem nota "snus" reyki einnig sígarettur. Þó hafa þær sýnt að þeim sem nota slíkt munntóbak er hættara við krabbameini í munnholi og brisi en þeim sem ekki nota neina tegund tóbaks. Nýleg sænsk rannsókn hefur einnig sýnt að stórnotendum munntóbaks (karlmönnum sem nota meira en 50 g af munntóbaki á dag) sé hættara við að látast af völdum kransæðastíflu en þeim sem ekki nota munntóbak. Það má gera ráð fyrir að skaðsemi munntóbaks fyrir einstaklinginn sé svipuð og af "snus"-i, enda innihaldsefni þau sömu að stærstum hluta. Full ástæða er því til að takmarka aðgang að munntóbaki og notkun þess, sem kostur er. Landlæknir gerir ekki efnislegar athugasemdir við þetta frumvarp og telur að lögfesting þess styrki tóbaksvarnir, einkum fyrir ungt fólk.

Virðingarfyllst,

Geir Gunnlaugsson
landlæknir